

Alþingi
Erindi nr. P 133/1257
komudagur 27.2.2007



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

SA/

Reykjavík 27. febrúar 2007

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum, 542. mál.

Samtök atvinnulífsins telja að flestar þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu og styrkja stöðu eignarréttar landeigenda á auðlindum á landi sínu vera til bóta og að þær aðferðir sem lagðar eru til við að velja á milli tilboða um nýtingu auðlinda í þjóðlendum og í eignarlöndum ríkisins séu skynsamlegar að svo miklu leyti sem þær taka til útboða þar sem einungis einkaaðilar geta lagt inn tilboð. Lagt er til að Samtök atvinnulífsins tilnefni fulltrúa í nefndir þær sem gert er ráð fyrir að skipa samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið og skýrslan sem fylgir því gefa hins vegar tilefni til að benda á að nánast öll orkuvinnsla og rannsóknir á þessu sviði fara fram á vegum opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga. Óhætt virðist að draga þá ályktun af skýrslunni að það óefni sem nýting orkulindanna er talin vera komin í stafi fyrst og fremst af því að þessi mál eru fyrst og fremst undir opinberu forræði. Augljóst er að á þessu sviði skortir einkarekstur sem starfar eftir almennum reglum. Reynslan hefur kennt að þar sem einkaréttur og einkaeign ríkir á nýtingu auðlinda þá umgangast menn þær af varúð og skynsemi og með langtímahagsmuni í huga til að geta notið af þeim arðs um ókomin ár. Engu breytir hvort nýtingin felst í orkuframleiðslu, ferðaþjónustu eða hvort nýta á land á annan hátt innan gildandi skipulags, friðlýsinga eða þjóðgarða. Ítarlega er fjallað um löggjöf á sviði umhverfismála í skýrslunni og rakin öll þau leyfi sem til þarf t.d. til rannsókna og virkjunar jarðvarma í þjóðlendum en ferlið er afar langt og flókið. Þannig getur þurft umhverfismat bæði fyrir rannsóknir og virkjun á tilteknum svæðum auk þess sem almennar áætlanir þurfa að fara í umhverfismat. Svo þarf til að koma samþykkt svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag og í frumvarpi til nýrra skipulagslaga sem er í vinnslu í umhverfisráðuneytinu er gert ráð fyrir að samþykkt verði á Alþingi landsskipulag til 12 ára. Ef um þjóðlendu er að ræða þarf leyfi forsætisráðherra auk virkjanaleyfis, starfsleyfis, tímabundinna starfsleyfa, framkvæmdaleyfis og byggingarleyfis. Því var lýst á Orkuþingi sl. haust að það geti liðið meira en finn ár frá því sótt er um virkjanaleyfi þar til fyrsta rannsóknahola er boruð og að sömu umsagnaraðilar geti fengið sama málið til umsagnar oftar en 20 sinnum þar til öll leyfi til rekstrar eru veitt. Það verður því seint sagt að hið opinbera tryggi ekki góða aðkomu sína og alls almennings að málum þessum. Það er því ekki skortur á samráði eða upplýsingum sem veldur vandkvæðum í ferli þessu. Það er hins vegar afar mikilvægt að gera allt þetta ferli einfaldara og gegnsærri en nú er, fækka leyfum og samræma umsagnarferli.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Rétt er að vekja athygli á því að ef fyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga fá að bjóða í nýtingu auðlinda þá jafngildir það í raun skattheimtu. Áhrif þess gjalds sem fyrirtækin greiða munu fyrst og fremst koma fram í gjaldskrár fyrirtækjanna gagnvart almenningi og almennum atvinnurekstri eða í söluandvirði þeirra þegar þau verða seld. Áhrifin munu ekki koma fram í verði til einstakra stórra orkukaupenda sem hafa val um það hvort þeir setja á stofn sinn rekstur hér á landi eða annars staðar og þá gildir einu hvort um er að ræða rekstur umfangsmikilla netþjónabúa eða orkufrekan iðnað.

Því er lagt til að hafist verði handa við að undirbúa umfangsmikla einkavæðingu á sviði auðlindarannsóknna og vinnslu. Atvinnulífið í landinu hefur sýnt að það uppfyllir ströngustu kröfur sem gerðar eru í umhverfismálum, það nýtir auðlindir á ábyrgan hátt og styður sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda þar sem tekið er tillit til annarrar landnýtingar og náttúruverndar.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

